

36. stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands var haldinn á skrifstofu sambandsins 31. janúar 2013.

Mætt: Sigurjón, Guðjón, Óskar Ingi, Aron og Gry. Kári boðaði forföll.

Með þessum fundi hefst fjórða starfsár sambandsins.

Sigurjón var endurkjörinn formaður á nýafstaðnu þingi. Nýr varamaður í stjórn er Aron Lee Du Teitsson.

Sigurjón setti fundinn og bauð Aron velkominn til starfa.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt svo og þinggerð ársþingsins sem fram fór 19. janúar sl.
2. Stjórnin fagnar að þrír kraftlyftingamenn fengu styrk úr Afrekssjóði ÍSÍ á dögumum. Auðunn Jónsson fékk A-styrk. María Guðsteinsdóttir og Júlían J.K. Jóhannsson fengu C-styrk. Stjórnarmenn létu bóka þakkir til Sigurjóns fyrir vaska framgöngu og eftirfylgni við styrkumsóknir.
3. Á kraftlyftingabingi var samþykkt tillaga um að halda Íslandsmeistaramót í kraftlyftingum án búnaðar – klassískar kraftlyftingar, setja viðmið fyrir Íslandsmet án búnaðar, setja landsliðsviðmið án búnaðar og móta afreksstefnu í klassískum kraftlyftingum.
Aðgerð: **Gry** fer yfir mótareglur og gerir tillögu að nauðsynlegum breytingum vegna þessa. **Kári** gerir tillögu að viðmiðum fyrir Íslandsmet. **Landsliðsnefndin** gerir tillögu að viðmið fyrir val í landslið. **Stjórnin** tekur mið af þessum tillögum við endurskoðun afreksstefnu.
4. Breyting á mótaskrá.
Stjórnin ákvað að breyta heiti Seltjarnarnessmótsins í klassískum kraftlyftingum í Íslandsmeistaramót í klassískum kraftlyftingum. Um framkvæmd þessa móts munu gilda sömu reglur og um Íslandsmeistaramót í kraftlyftingum. Tillaga kom fram um að breyta dagsetningu mótsins.
Aðgerð: **Aron** kannar möguleika á að færa mótið. **Gry** breytir mótaskrá og birtir frétt um þetta á kraft.is
5. Reglur um leyfilegan búnað á klassískum mótum.
Halldór Jónhildarson hefur lagt fram þýðingu á ensku reglunum og Helgi Hauksson hefur farið yfir þær og gert nokkrar breytingar. Stjórnin þakkar þeim fyrir framlagið og samþykkti þá útgáfu sem Helgi hefur lagt fram.
Aðgerð: **Gry** birtir reglurnar ásamt reglurnar á ensku á kraft.is
6. KFA hefur sent erindi til að kanna áhuga stjórnar KRAFT á að breyta mótaskrá 2013. Stjórnin telur ekki rétt að breyta mótaskrá ársins frekar.
Aðgerð: **Sigurjón** svarar bréfi þeirra og skýrir afstöðu stjórnar.
7. Fræðsluviðburð fyrir A-landsliðsþjálfara á vegum ÍSÍ.
Stjórnin ákvað að bjóða landsliðsþjálfara að sækja þennan viðburð.
Aðgerð: **Gry** sér um skráningu.
8. Erindi hefur borist um setningu Íslandsmeta erlendis. Stjórnin ítrekar reglunni um að erlendins má eingöngu setja Íslandsmet á alþjóðamótum og landsmeistaramótum.
Aðgerð: **Gry** svarar erindinu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 21.30

Fundarritari: Gry Ek